

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Sveitarfélaginu Skagafirði.

Skagfirðingabraut 51 og Ártorg 1.

Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar samþykkti þann 8. júní 2016 deiliskipulag lóðanna Skagfirðingabrautar 51 og Ártorgs 1 á Sauðárkróki.

Skipulagssvæðið er um 3 ha að stærð og afmarkast af Skagfirðingabraut, Hegrabraut, Sauðár-mýri og Ártorgi. Deiliskipulagstillagan felur í sér heimild til aukins byggingarmagns á lóðunum og breytinga á innbyrðis lóðarmörkum.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð skv. 41. og 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Sauðárkróki, 5. september 2016.

Jón Örn Berndsen, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 19. september 2016